

Ed.

439. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiði-útbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur eða náttúrufræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur veiðieigandi, sem hafði viðurkenndan rétt til laxveiði í sjó hinn 1. janúar 1976, misst hann við gildistöku laga þessara og skal þá yfirmatsnefnd, samkv. 94. gr. laga nr. 76/1970, ákveða honum hlutdeild í arði þess veiðivatns, eins eða fleiri, sem hún, að fengnu áliti veiðimálastjóra, metur að fái aukna laxgengd við það að réttur til sjávarveiði er felldur niður.

Mati þessu skal lokið fyrir árslok 1976.